

Austur
M= 1:100



Norður
M= 1:100




Snið A-A
M= 1:100



Vestur
M= 1:100



Suður
M= 1:100




Grunnmynd
M= 1:100




Afstöðumynd
M= 1:500

BYGGINGARLÝSING

Óskað er eftir því að reisa 19m$^2$ geymslu á sumarhúsalóð nr. 19 í landi Hvols.
Húsið er byggt úr timbri á einni hæð með einhalla þaki.
Hvoll lóð nr. 19, Húnaþing Vestra. Mhl 03.
Staðgreinir: 5508-12-00030119.
Landnúmer: 193268.
Brútto (m$^2$): 19m$^2$.
Brútto (m$^3$): 58m$^3$.
Lóð: 6.500m$^2$.

ALMENNT.
Geymslan verður ekki upphituð að fullu.
Allt burðarvirki byggingarinnar er úr styrktarflokkuðu tré.
Húsið er timburhús á tré gólfi sem hvílir á timburbitum og steinsteyptum undirstöðum. Húsið verður klædd með lituðu bárustáli og fúavarini timburklæðningu.
Þak úr timburvirki og klætt með bárujárni. Þak er með 10 gráðu ein halla.
Gólfhæð miðast við 400 mm yfir endanlegu jarðvegsyfirborði nánasta umhverfis.

BURÐARVIRKI:
*Undirstöður.*
Undirstöður eru steinsteyptir þverveggir á þjappaðri fyllingu eða niður á burðarhæfan og viðurkenndan botn eða minnst 1200 mm undir endanlegt jarðvegsyfirborð. 2 stk. 45x195mm (samfastir) burðaleiðurum er komið fyrir á steinsteyptar undirstöður og festir með HDG 6mm flatstáli og gegnumangandi borðaboltum.
Gólf eru timburgólf, 45x145 mm gólfbitar sem festast með þar til gerðum BMF-festingum í undirstöður. Einangrað er á milli bita með 145 mm þykkri steinull. 22 mm rakavarðar nótaðar spónaplötur, þolplast 0,2 ofaná gólfbita. 9 mm vatnsheldur krossviður undir bita.
*Veggir.*
Berandi veggir eru ú 45x125mm styrktar flokkuðu tré. Útveggir eru einangraðir í burðargrind með 120mm steinull, 0,2mm rakavarnarlag og klæddir að innan með rakaþolnum spóna-eða krossviðsplötum. Að utan til afstífingar kemur greni krossviður (til notkunar utanhúss), 22mm loftunarlistar og bárujárnsklæðningu. Botnreim er fest niður í gólfsperrur. Stoðir eru festar við botn-og toppreim með þartilgerðum 90mm vinklum og öðrum tilheyrandi festingum við fótreimar og sperrur.
*Þakvirki.*
Þak er úr tré með 10 gráðu halla. Þak er einagrað með 145mm þakull með vindvörn. Sperrur hvíla á berandi veggjum. Ofan á sperrur er klætt með borðaklæðningu heillímdum tjörudúk og bárujárni. Sperrur eru festar í toppreim með 90mm vinklum beggja vegna sperru. Þak er loftað með 2 stk 32mm loftunarrörum með neti í hvert sperrubil.Til að tryggja 25mm loftbil yfir einangrun er komið fyrir 3 stk. listum samsíða sperrum í hvert sperrubil. 0,2 mm rakavarnarlagi er komið fyrir undir sperrum og einangrun. Loft er svo klætt með rakaþolnum spóna-eða krossviðsplötum. Þakrennu kerfi er hefðbundið.
*Þak almennt.*
Loftbil þaks skal aldrei vera minna en 25mm yfir allri einangrun og skal loftunarop inn og út úr hverju loftbili vera minnst 1000 fermillimetrar (mm$^2$) fyrir hvern fermetra (m$^2$) þakflatar. Taka skal tillit til rýrnunar á loftbili vegna flugnanets, þar sem við á.

LAGNIR OG VEITUR:
Rafmagntengli verður komið fyrir og rafmagn tekið frá fyrirlyggjandi sumarhúsi.
*Neysluvatn.*
Ekki.
*Hitalagnir.*
Ekki.
*Loftræsting.*
Almennt verður loftræst með opnanlegum fögum.
*Fráveita.*
Regnvatn er leitt í grjótpúkk (jarðveg).
FRÁGANGUR:
*Frágangur að utan.*
Að utan er hús klætt með liggjandi viðar-og bárujárnsklæðningu.

GLUGGAR/HURÐIR
Gluggar og hurðir eru tré. Allt gler skal vera K-gler, með a.m.k. 16mm loftbili og 12 mm loftbili í fögum. Geymsluhurð (iðnaðarhurð) á teikningu er 2,5m á hæð.

FRÁGANGUR INNANHÚSS:
Veggir verða klæddir með rakaþolnum spóna-eða krossviðsplötur.
*Klæðningar.*
Klæðningar samkv. ÍST EN 13501. Allar klæðningar skulu vera a.m.k. í flokki 2.
BRUNAVARNIR
Komið verður fyrir reykskynjara. Slökkvitæki (ABC duft 6 kg.) verður upphengt.

Húnaþing vestra
Samþykkt þann
28. apríl 2023
Byggingarfulltrúinn
í Húnaþingi vestra

Bogi Kristinsson

| ÚTGÁFA | TEIKNAÐ | SAMÞ. | DAGS. |
|---|---|---|---|
| BREYTINGAR | | | |

| Stærðir: | |
|---|---|
| Netto Flatarmál Húss | 15,2 m² |
| Brúttó Flatarmál Húss | 19 m² |
| Brúttó Rúmmál Húss | 58 m³ |

| SKÝRINGAR: | |
|---|---|
| SL | Slökkvitæki |
| "R" | Reykskynjari |
| (A)-EI-60 | Brunamótstaða |
| RL | Rýmingarleið |
| BO | Björgunarop |
| GN | Gólfniðurfall |
| ÞN | Þakniðurfall |
| LR | Loftræsing |
| TA | Rafmagnstafla |
| EI-CS30 | Hurð útbúinn sjálfvirkri lokun og eldþröskuldi |

Sumarhúsalóð nr. 19 í landi Hvols við Vesturópsvatn.
Staðgreinir: 5508-12-00030119.
Landnúmer: 193268.

Frum stærð blaðs A2

**KRISTJÁN G. LEIFSSON**
ÁLMAKÓR 21, 203 KÓPAVOGUR
GSM: 893-3557
kristjan.leifs@gmail.com

Áritun aðalhönnuðar:
Kristján G. Leifsson
Kristján G. Leifsson BFÍ, kt. 230873-5699

VERKEFNI: **SUMARHÚS, NR. 19 Í LANDI HVOLS HÚNAÞING-VESTRA**

TEIKNING: GRUNNMYND, ÚTLIT OG SNIÐ

| DAGS/TEIKNAÐ: 10.01.2023 | | MÆLIKV: 1:100 |
|---|---|---|
| TEIKN NR: A-01 | VERK NR: 23-001 | TEIKNAÐ: IRH |